

## Tilv.: SRN17120079/4.11.3 Ársreikningur 2017

**Til** : eirikur.benonysson@irr.is;thorir.olafsson@fjs.is  
**Frá** : Edda María Hagalín  
**CC** : Þórdís Sif Sigurðardóttir;Guðmundur Gunnarsson  
**Heiti** : Tilv.: SRN17120079/4.11.3 Ársreikningur 2017  
**Málsnúmer** : 2018010095  
**Málsaðili** : Ísafjarðarbær - Fjármálasvið  
**Skráð dags** : 18.10.2018 15:16:00  
**Höfundur** : Edda María Hagalín

**Viðhengi** [image006.jpg](#)[image006.jpg](#)  
[image003.jpg](#)[image003.jpg](#)

Sælir

Með vísan í bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dagsett 8. október 2018 þar sem fram kemur að þrátt fyrir að sveitarfélagið standist jafnræðisreglu og skuldareglu sveitarstjórnarlaga sé óskað eftir nánari upplýsingum um fjármálin þar sem rekstrarniðurstaða A-hluta og A-og B hluta eru neikvæð árið 2017.

Þetta er auðsvarað og get ég vísað þar til skýringar nr. 22 í ársreikningi 2017, en á árinu 2017 urðum við að gjaldfæra 159,3 millj. kr. vegna A deildar Brúar sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun og mun jafnframt ekki hafa eins mikil áhrif á árið 2018 sem skýrir jákvæðar horfur þeirrar áætlunar. Ekki var hægt að bregðast við þessu með viðauka á árinu 2017 þar sem þrátt fyrir ítrekaða tölvupósta til Brúar á árinu 2017 þá neituðu þau að upplýsa okkur um áætlaðar fjárhæðir og lágu því tölur ekki fyrir fyrr en í janúar 2018 og var þá orðið of seint að grípa til viðauka. Vona að þetta svari að fullu bréfi ykkar.

## 22. Önnur mál - A-deild Brúar

Þann 19. september 2016 var samkomulag gert milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafni réttindaávinnsli í aldurstengda auk þess sem lífeyristökvaldur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi óðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórnar viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.

Í febrúar 2018 samþykkti bæjarstjórn Ísafjarðarbær samkomulag um uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds og var samkomulagið undirritað í mars 2018. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017.

Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nemur heildarframlagið 562,8 millj. kr. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og variðarsjóð.

Skipting þess er eftirfarandi:

- 150,9 millj. kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi, framlagið er gjaldfært að fullu á árinu 2017.
- 371,9 millj. kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðarskuldbindingu vegna lífeyrisauka, framlagið er gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.
- 40 millj. kr. framlag í variðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð, framlagið er gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Gjaldfærðar eru 159,3 millj. kr. meðal launa og launatengdra gjalda á árinu 2017 vegna þessa og fjárhæðin færð sem skammtímaskuld í árslok 2017.

Greiðsla heildarframlags á sér stað í upphafi árs 2018 og fjármagnaði sveitarfélagið uppgjórið með skuldabréfaútbóði. Heildarlántaka vegna þessa nam því á árinu 2018 563 millj. kr. á móti færðist fyrirframgreiðsla vegna framlaga í lífeyrisaukasjóðs og variðarsjóð að fjárhæð 412 kr. sem heimilt er að draga frá við útreikning á skuldaviðmiði sbr. breytingu á reglugerð nr. 502/2012.

Kveðja

**Edda María Hagalín**

**Fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar**

Ísafjarðarbær, Stjórnsýsluhúsinu, Pósthólf 56, 400 Ísafjörður

Sími: 450 8013, Fax: 450 8008, Netfang: [emh@isafjordur.is](mailto:emh@isafjordur.is), Vefur: [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)

Ísafjarðarbær er Flateyri, Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri & Þingeyri – auk þess blómleg býli, strandsvæði og ósnortin víðerni.



The Westfjords - one of Iceland's most spectacular regions - *Lonely Planet*